

OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST LADY 31

ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. júlí 2015 | 27. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

SVANSMERKIÐ  
SÍÐAN 2000!

Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

## KONUR VERÐI ÓHRÆDDARI VIÐ AÐ FJÁRFESTA

→ Einungis tvær  
konur í for-  
mennsku fyrir  
stærstu hags-  
munafélögin

→ Vill viðhorfsbreyt-  
ingar í stjórnnum  
fyrirtækja

→ Auka þarf ásýnd  
kvenna í fjöl-  
miðlum

SÍÐA 4



## Gætu minnkað lífeyrisskuldur

Hagfræðingarnir Ásgeir Jónsson og Jón Bjarki Bentsson vara báðir við því að ríkisskuldabréf verði keypt upp í of miklum mæli. Jón Bjarki bendir á að ýmsar aðrar leiðir séu færar við niðurgreiðslu skulda ríkisins með þeim fjármunum sem ríkið fær af stöðugleikaskatti eða stöðugleikaframlagi. Undir það tekur Ásgeir. „Ríkið skuldar margt annað. Það er 460 milljarða gat hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,“ segir Ásgeir. → SÍÐA 2



## Reisa verksmiðju í Grafarvogi

Papco stefnir að því að reisa á milli þrjú og fjögur þúsund fermetra verksmiðju við Bæjarflöt 19 í Grafarvogi. Borgarráð Reykjavíkur hefur veitt fyrirtækinu vilyrði fyrir lóðinni með fyrirvara um samþykki deiliskipulags. Þórður Kárason, framkvæmdastjóri Papco, segir fyrirtækið hafa stækkað hratt að undanfögnu. → SÍÐA 5

## Á vetrarútsölum í júlí

Davíð Ólafur Ingimarsson var á dögnum ráðinn fjármálastjóri hjá GreenCloud. Fyrirtækið er nokkurra ára gamalt og framleiðir hugbúnað.

Davíð nam hagfræði við Háskóla Íslands en tók skiptinám í Japan og Ástralíu. Hann segir það hafa verið skrítið að búa í Ástralíu. „Sérstaklega fannst mér skrítið yfir sumartímann, þegar það voru vetrarútsölur.“ → SÍÐA 5



STJÓRNAR-  
MADURINN

@stjornarmadur

Hugrekki þarf til að breyta ríkjandi viðhorfum. Eðli málsins samkvæmt er erfiðara fyrir einkarekna aðila að taka slíkt stökk. → SÍÐA 8

Við kynnum  
Philips Ambilight  
9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Ultra HD með Android

Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

# Hlekkir nýlenduhugsunarháttar

Skjóðan

**ALLT** hefur sinn stað og sinn tíma. Líka orkufrek stóriðja. Á sjöunda áratug síðustu aldar var það kærkomin viðbót við einhæft atvinnulíf á Íslandi þegar álverið í Straumsvík var reist. Fram til þess voru gjald-eyristekjur þjóðarinnar reistar á einni stoð, sjávarútvegi. Á síðustu áratugum aldarinnar bættust við fleiri stóriðjuver og þjóðin fékk í sinn hlut arð af orkuauðlindinni sem hafði fram að því verið að mestu óbeisluð.

**STÓRIÐJAN** kom til Íslands fyrir hálfri öld. Aðráttaraflíð var einfalt. Hér var í boði ódýr orka auk þess sem skattaumhverfi var gert hagstætt fyrir alþjóðlega starfsemi af þessu tagi.

**FRÁ** því álverið í Straumsvík var opnað fyrir tæpum 50

árum hefur mikið breyst í íslensku atvinnulífi. Tækninni hefur fleygt fram og verndun umhverfisins vegur þyngra en fyrr.

**ÁLVER** hafa risið og við Íslendingar höfum nú virkjað stóran hluta þeirrar orku sem virkjanleg er, alla vega ef nýting hennar á að vera í sátt við umhverfið. Gjaldveiristöflun þjóðarinnar byggist ekki lengur á einni atvinnugrein og ekki einu sinni á tveimur. Þrjár atvinnugreinar gegna lykhillutverki og er sjávarútvegur ekki lengur sú grein sem mestum gjaldveiri skilar.

**ÍDNADUR** (þar með talin stóriðja) er stærsta útflutningsgrein Íslands, þegar horft er til gjaldveirissköpunar. Ferðaþjónustan er í öðru sæti og er raunar talsvert stærri en stóriðjan ein. Í þriðja sæti er svo sjávar-

útvegurinn, sem löngum var okkar eina raunverulega útflutningsgrein. Í fjórða sæti er liðurinn „annað“, sem væntanlega innifelur hugvit. Undanfarin ár hafa gjaldveiristekjur af ferðamönnum og liðurinn „annað“ stækkað mjög og nú má segja að gjaldveirissköpun þjóðarinnar hvíli á fjórum stoðum, nokkuð jöfnum. Við erum að breytast úr einhæfu framleiðsluhagkerfi í fjölbreytt.

**VIÐ** erum ekki lengur nýlenduhagkerfi í sinni tærustu mynd þó að undarleg ráðstöfun náttúruauðlinda, þar sem fáir aðilar fá að nýta sér auðlindirnar gegn afskaplega vægu gjaldi, minni meira á nýlenduskipan en nokkuð annað. Fiskinn í sjónum fá útvaldir að veiða nær ókeypis og orkuna fá erlend stórfyrirtæki að kaupa á spottprís.

**SÓKN** til áframhaldandi og aukinnar velferðar þjóðarinnar verður ekki byggð á því að halda dauðahaldi í nýlendufyrirkomulagið. Hún verður að byggja á því að afrakstur náttúruauðlinda renni til þjóðarinnar sjálfar.

**ÞAÐ** skýtur því skökku við að á öðrum áratug nýrri aldar skuli menn enn sjá þær lausnir helstar að leggja náttúru landsins undir orkuver til að framleiða orku til að selja á spottprís í skítuga stóriðju í okkar fallega landi. Við brjótum aldrei af okkur hlekkina ef við hugsum sjálf eins og nýlendubúar.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



Verslunareigandi vonast til að nýju húsnæði fylgi bætt afkoma:

## Tap hjá Tösku- og hanskabúðinni

Tösku- og hanskabúðin tapaði 1,7 milljónum króna á síðasta ári. Fyrirtækið flutti fyrr á þessu ári í nýtt húsnæði við Laugaveg 103. Verslunin hafði verið til húsa við Skólavörðustíg 7 frá árinu 1960.

Gréta Oddsdóttir, eigandi Tösku- og hanskabúðarinnar, segir ástæðu flutninganna vera að eigandi húsnæðisins við Skólavörðustíg hafi viljað hækka húsaleiguna við endurnýjun leigusamnings. Hún segir það hafa reynst mun hagstæðara að kaupa nýtt húsnæði en leigja áfram á gamla staðnum.

Gréta segist vera bjartsýn á framhaldið. Flutningarnir muni borga sig þegar til lengri tíma er litið. Hún sé þó efns um að fyrirtækið skili hagnaði á þessu ári



Á NÝJUM STAÐ Tösku- og hanskabúðin var flutt í nýtt húsnæði fyrr á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÍ MARÍNÓ

enda hafi flutningarnir verið kostnaðarsamir.

Rekstrarhagnaður nam 3,5 milljónum króna. Eignir verslunarinnar námu 40 milljónum króna um síðustu áramót. Skuldir voru 32 milljónir króna og eigið fé 8 milljónir króna.

-ih

# Stöðugleikafé verði nýtt til að leysa vanda ÍLS

Hagfræðingar eru samála forstjóra Kauphallarinnar um það að mikil uppgreiðsla skuldabréfa sé varasöm. Skynsamlegt að leysa skuldavanda ÍLS eða LSR við ráðstöfun fjármuna frá kröfuhöfum.

Kaupi ríkið upp mikið magn ríkisskuldabréfa myndi það að líkindum auka peningamagn í umferð og skapa þenslu hér á landi. Þetta segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Íslandsbanka.

Jón Bjarki bendir á að ýmsar aðrar leiðir séu færar við niðurgreiðslu skulda ríkisins með þeim fjármunum sem ríkinu falli í skaut við greiðslu stöðugleikaskatts eða stöðugleikaframlags. Til að mynda sé hugsanlegt að eignir sem fari í umsjá Eignasafns Seðlabanka Íslands verði seldar í skiptum fyrir ríkisskuldabréf. „Það myndi ná fram lækkun á skuldunum án þess að auka peningamagn,“ segir Jón Bjarki.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, tekur undir með Jóni Bjarka að bein uppgreiðsla ríkisskuldabréfa geti verið varhugaverð. „Ríkið skuldar margt annað. Það er 460 milljarða gat hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og það væri ekki óeðlilegt að þessir peningar væru nýttir í það stoppa í það gat með einhverjum hætti. Annað stórt gat er Íbúðalánasjóður. Það væri bara mjög sniðug hugmynd að gera þann sjóð upp og ganga frá honum,“ segir Ásgeir.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur áður talað fyrir




Í KAUPHÖLLINNI Skuldabréfaviðskipti eru stór hluti þeirra viðskipta sem fram fara í Nasdaq Iceland. Það þykir óráð að greiða ríkisskuldabréf upp í stóru mæli.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



ÁSGEIR JÓNSSON



JÓN BJARKI BENTSSON

því að farið verði varlega í að greiða niður ríkisskuldabréf. Slíkt geti dregið úr skilvirkni á skuldabréfamarkaði með neikvæðum afleiðingum fyrir íslenskan verðbréfamarkað.

Jón Bjarki bendir á að útgefin

ríkisskuldabréf sem virk viðskipti séu með nemi um 640 milljörðum króna. Af því eru um 160 milljarðar í eigu útlendinga og verða komnir í aðra fjármögnun eftir aflandskrönuútboð í haust. „Strax þar minnkar stabbinn um fjórðung og frekari lækkun þessara skulda er þá fljót að breyta þeirri mynd enn frekar,“ segir hann.

Jón Bjarki segir að til þess að nægjanleg viðskipti séu með skuldabréfaflokk þurfi hann að vera a.m.k. 15 til 20 milljarðar króna að stærð. Nú séu átta skuldabréfaflokkar hjá ríkinu sem virk viðskipti séu með.

ingvar@frettabladid.is

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**15**  
Á UPPLÉIÐ  
Félög sem hækkuðu í verði

**0**  
Á NIÐURLEIÐ  
Félög sem lækkuðu í verði

**1**  
STÓÐU Í STAÐ  
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI**

**133,8%** frá áramótum

**NÝHERJI**

**18,6%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM**

**-19,4%** frá áramótum

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	124,00	19,2%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,66	-2,1%	5,3%
Eimskipafélag Íslands	226,50	-4,4%	6,2%
Fjarskipti (Vodafone)	39,02	11,5%	1,1%
Hagar	37,10	-8,3%	1,4%
HB Grandi	41,70	23,4%	1,6%
Icelandair Group	25,15	17,5%	2,7%
Marel	189,00	37,0%	1,6%
N1	38,45	65,7%	1,1%
Nýherji	12,11	133,8%	18,6%
Reginn	15,38	13,5%	8,3%
Reitir*	66,60	4,3%	4,4%
Sjóvá	10,70	-10,5%	4,8%
Tryggingamiðstöðin	21,20	-19,4%	10,4%
Vátryggingafélag Íslands	8,30	-8,3%	6,1%
Össur	480,00	33,0%	1,1%
Úrvalsvísitalan OMX18	1.478,27	13,8%	0,9%
<b>First North Iceland</b>			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	26,20	15,9%	2,7%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

\*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 8. JÚLÍ**  
Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðum

**FIMMTUDAGUR 9. JÚLÍ**  
Lánamál ríkisins – Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Þjóðskrá – Fjöldi útgefna vegabréfa

**FÖSTUDAGUR 10. JÚLÍ**  
Þjóðskrá – Trúfélagsbreytingar

**MÁNUDAGUR 13. JÚLÍ**  
Lánamál ríkisins – Útboð ríkisvixla Hagstofan – Vísitala framleiðslu- verðs í ágúst 2014

**ÞRIÐJUDAGUR 14. JÚLÍ**  
Þjóðskrá – Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðahúsnæði

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Bankar í Bandaríkjunum sem lifðu kreppuna af hafa sópað að sér eignum og eru of stórir fyrir hagkerfið:

## Bandaríska hagkerfið brothætt

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að hætta steðji að bandaríska fjármálakerfinu. Þetta kemur fram í skýrslu sjóðsins, sem er sú fyrsta sinnar tegundar frá árinu 2010. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur þó að meira jafnvægi sé í ríkisbúskapnum nú en fyrir bankakrisuna 2008.

Ein aðalgagnrýni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í garð Bandaríkjanna er að bankarnir séu of stórir. Þeirra á meðal eru JPMorgan Chase og Wells Fargo. Telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að efnahagsreikningur þessara banka sé of stór eftir að þeir hafi yfirtekið eignir banka sem hrundu í fjármálakreppunni. „Stórir og tengdir bankar tröll-

ríða bankakerfinu í meiri mæli nú en nokkru sinni fyrr,“ hefur fréttastofa CNN eftir skýrsluhöfundum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur líka miklar áhyggjur af því sem hann kallar skuggabankakerfið. Vogunarsjóðir, eignastýringafyrirtæki og tryggingafyrirtæki stýra núna 70 prósentum allra eigna og það skapar kerfisáhættu.

Þá segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að lágir vextir hvetji fjárfesta til þess að taka sífellt meiri áhættu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir líka viðvörunarljós vera farin að kvikna á hlutabréfamarkaði. Hlutabréfaverð sé að verða hærra en afkomuspár fyrirtækjanna gefi tilefni til.

-jhh



Á WALL STREET AGS telur hagkerfið standa frammi fyrir hættu.

NORDICPHOTOS/GETTY



Make it matter.



# Margur er knár þótt hann sé smár.

**HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.**  
**Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.**

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á [www.ok.is/elitebook/](http://www.ok.is/elitebook/)

\*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.



**OPIN KERFI**

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | [www.ok.is](http://www.ok.is) | [sala@ok.is](mailto:sala@ok.is) | sími 570 1000



**FORMAÐUR OG FJÁRFESTIR** Þórdís Lóa rak Pizza Hut ásamt eiginmanni sínum og rak einnig slíka veitingastaði í Finnlandi. Hún seldi Helga Vilhjálmssyni í Góu matsölustaðinn hér á Íslandi fyrr á árinu. Þórdís Lóa segir að tengslanet kvenna í atvinnulífinu sé mjög mikilvægt og að þær séu að verða meðvitaðri um það.

FRÉTTABLAÐID/AUDUNN

# Konur verði óhræddari við að fjárfesta

*Í nýu hagsmunasamtökum í atvinnulífinu er einungis ein kona framkvæmdastjóri og tvær stjórnarformenn. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir fjárfestir vill að konur fjárfesti meira. Staða kvenna getur styrkst enn frekar.*

## VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is



Konur fögnuðu 100 ára afmæli kosningaráttar kvenna á svipuðum tíma og haldið var upp á 35 ára kosningaafmæli Vigdísar Finnbogadóttur. Staða kvenna í stjórnámálum fer batnandi, þótt einhverjum kunnir að finnast sú þróun of hæg. Til að mynda hafa aldrei verið fleiri konur á Alþingi en nú. En er sá árangur sem hefur náðst í að jafna stöðu kynjanna minni í viðskiptalífinu en í stjórnámálum?

„Ég held að hann sé kannski aðeins öðruvísi. Í viðskiptalífinu hefur náðst sá árangur að konur eru að koma mjög sterkar inn í fyrirtækin og inn í millistjórnendastöður og upp skalann. En þær eru ekki að komast eins mikið inn í framkvæmdastjórnir og við hefðum viljað sjá,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fjárfestir og formaður Félags kvenna í atvinnulífinu. Hún bendir á að konur stundi nú háskólanám til jafns við karla og í sumum tilfellum í mun meiri mæli. Konur sem útskrifast til dæmis úr viðskiptafræði, lögfræði, markaðs- og auglýsingafræði og verkfræði fái góðar stöður hjá fyrirtækjunum. FKA vilji ýta á að þær fái enn betri stöðu innan þeirra.

Þið hafið bent á að staða kvenna innan helstu hagsmunafélaga í atvinnulífinu er ekkert sérstaklega sterk.

„Nei, hún er það ekki,“ segir Þórdís Lóa. Þegar FKA hafi skoðað hlutföllin hafi þau komið svolítið á óvart. Í nýu helstu hagsmunafélögum er einungis ein kona framkvæmdastjóri og tvær konur formenn. „Við lítum svolítið á að það sé okkar hlutverk að sýna fram á þetta,“ segir Þórdís Lóa. Hún segir konur síður en svo óvelkomnar í þessi hlutverk. Hlutirnir þróast einfaldlega svona.

Það snúi upp á alla að breyta þessari stöðu.

Félag kvenna í atvinnulífinu, Creditinfo og Samtök atvinnulífsins réðust saman í það verkefni árið 2009 að vinna að auknum fjölbreytileika í stjórnum fyrirtækja. Þórdís Lóa segir að verkefnið hafi alls ekki bara snúist um kynjakvóta heldur aukna fjölbreytni í víðara samhengi. Í aldri og jafnvel búsetu líka. Málið hafi snúist um það að fá sjónarhorn allra að borðinu.

Og Þórdís Lóa segir að málið snúist um það að búa til viðhorfsbreytingu og kultúrbreytingu í stjórnum fyrirtækjanna. Þegar hugarfarsbreytingin sé orðin að veruleika inni í stjórnun ætti hún að geta dreifst inn í framkvæmdastjórnina og svo lengra inn í fyrirtækið. „En síðan setur ríkisstjórnin árið seinna lög um kynjakvóta. Þá breytist þetta verkefni og þá fara allir að vinna að því að vera réttum megin við lög,“ segir Þórdís Lóa.

Þessi lög um kynjakvóta eru dælitíð íþyngjandi. Telurðu að það sé rétt að þau hverfi með tíð og tíma eða telurðu að þau séu komin til að vera?

Í fyrsta lagi myndi ég ekki segja að þetta væri íþyngjandi fyrir fyrirtæki. Þetta væri það ef við værum með flokka af konum sem væru ómenntaðar og með enga reynslu. En það er það ekki. Þórdís Lóa viðurkennir þó að lagasetningin sé kvöð, það sé verið að stýra fyrirtækjunum. „Þetta var sett á af því að það var ekki trú íslenskra stjórnámalamanna að viðskiptalífið gæti gert þetta sjálft,“ segir Þórdís Lóa. Ómögulegt sé að segja hvort það hafi verið rétt mat. Hún segist upphaflega ekki hafa verið fylgjandi slíkri lagasetningu en síðan breytt um skoðun. Fordæmi séu fyrir því að lögum hafi verið breytt til að ná hugarfarsbreytingu. Þar nefnir Þórdís Lóa lög um jöfn laun og lög um fæðingarorlof. „Vonandi getum við einn daginn tekið þessi lög af, en

” Og við höfum náð að innleiða tengslanetið í kultúr kvenna.

Það verður ekki alveg strax,“ segir Þórdís Lóa. Það verði að breyta menningunni innan fyrirtækja og hugarfari þannig að karlar og konur eigi jöfn tækifæri. Það taki nokkur ár að breyta því.

FKA er fimmtán ára um þessar mundir. Hverjir eru stærstu sigrarnir í starfi félagsins?

„Stærsti sigurinn er kannski að við höfum náð að beina sjónum að konum í atvinnulífinu. Við höfum náð að draga þær aðeins fram og gera þær sýnilegar,“ segir Þórdís Lóa. Þetta hafi verið gert með ýmsum hætti, til dæmis með viðurkenningarháttíð félagsins einu sinni á ári. Konum í FKA hafi fjölgð og tekist hafi að tengja saman konur úr ólíkum geirum atvinnulífsins. „Og við höfum náð að innleiða tengslanetið í kultúr kvenna,“ segir Þórdís Lóa. Þetta sé mikilvægt skref sem hafi verið stigið á síðustu 20 árum. Konur séu orðnar miklu meðvitaðri um mikilvægi tengslanetsins á atvinnumarkaði.

Þá bendir Þórdís Lóa á að síðan 2013 hafi félagið verið í samstarfi við Kauphöllina, VÍB og Naskar investment sem kallast Fjölbreytni á markaði. „Þar erum við að beina sjónum að konum sem fjárfestum,“ segir Þórdís Lóa. Hún bendir á að könnun sem Viðskiptablaðið lét gera hafi sýnt að eftir hrun treystu 98 prósent kvenna ekki fjárfestingum í hlutabréfum eða því að setja peningana sína í einhverja fjárfestingu. „Við höfum verið að beina sjónum okkar að því og að konurnar sjálfar taki af skarið og fjárfesti, taki þátt í fjárfestingum,“

## Stjórnarformenn og framkvæmdastjórnir nokkurra hagsmunasamtaka í íslensku atvinnulífi

Samtök	Framkvæmdastjóri	Formaður
Samtök atvinnulífsins	♂	♂
Samtök iðnaðarins	♂	♀
Félag atvinnurekenda	♂	♂
Samtök verslunar og þjónustu	♂	♀
Samtök ferðaþjónustunnar	♀	♂
Samtök fjármálafyrirtækja	♂	♂
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	♂	♂
Samtök álfyrirtækja	♂	♂
Samtök orku- og veltufyrirtækja	♂	♂

♂ Karl ♀ Kona

segir Þórdís Lóa. Ekkert þurfi að stöðva konur, frekar en karla, í að fjárfesta.

Hvað á félagið ógert?

„Það sem er ógert og við þurfum að gera núna er að skoða hvernig ásýnd kvenna er í fjölmiðlum. Bæði hvernig fjölmiðlarnir eru, við hverja er verið að taka viðtöl og um hvað er verið að fjalla. Af hverju eru þessar fréttir harðar fréttir en aðrar fréttir mjúkar fréttir og hver ákveður það,“ segir Þórdís Lóa.

Hún segir að því fleiri konur sem eru í stjórnámálum og því fleiri konur sem fara fyrir félagasamtökum, þeim mun auðveldara verði fyrir fjölmiðla að ná í þær. Þar með sé sagan ekki öll sögð. Fjölmiðlar verði líka að breyta vali sínu á viðmælendum þannig að fréttirnar endurspegli viðhorf alls samfélagsins en ekki bara valdastrúktúrsins í samfélaginu. Þetta sé verkefni sem félagið vinni að núna og fái góðan hljómgrunn.

Hafa fjölmiðlar meiri áhuga á því að tala við karla en konur?

„Við erum ekkert sérstaklega að taka út konur í atvinnulífinu,“ segir Þórdís Lóa. Hún bendir jafnframt á að staðan hafi verið þannig undanfarin ár að í 25-30 prósentum tilvika sé talað við konur í ljós-vakamiðlum. Prentmiðlarnir séu öðruvísi þar sem eru dálkar tengdir dægurmálum eins og Smartland sem skekki myndina. Þórdís Lóa segir að þetta misvægi í vali á viðmælendum sé vegna ómeðvitaðrar skekkju í hugarfari fólks og þessari skekkju þurfi að eyða. „Ég sem businesskona hef verið að spyrja þá sem eiga og stjórna fjölmiðlafyrirtækjunum hvort þeir séu nokkuð að tapa viðskiptum á því að láta fjölmiðlana endurspeglar viðfangsefnið svona út í samfélagið. Eru ekki tekjumöguleikar í því að vera með bæði kynin miklu betur representuð í fjölmiðlum?“ spyr Þórdís Lóa.

# Þórður Már fær ekki 596 milljónir til baka

**Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums, stefndi ríkinu vegna endurákvörðunar skatta í tengslum við hlutabréfa-kaup í Straumi. Ríkið var sýknað og Þórður greiðir málskostnað.**

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær íslenska ríkið af kröfum Þórðar Márs Jóhannessonar, fyrrverandi forstjóra Straums. Þórður Már stefndi ríkinu vegna ákvörðunar ríkisskattstjóra og staðfestingar yfirsattanefndar á þeirri ákvörðun. Ákvörðunin snerist um það að tekjur sem Þórður Már hafði af söluhagnaði og arði bréfa, sem hann keypti í gegnum hlutafélag sitt Brekku ehf., skyldu teljast launatekjur, en Þórður Már hafði talið þær fram sem fjármagnstekjur.

Á árunum 2004 og 2005 gerði Þórður Már, í nafni einkahlutafélagsins Brekku ehf., tvo samninga um kaup á hlutabréfum í Straumi, annars vegar fyrir 328 milljónir króna og hins vegar fyrir 1.350 milljónir króna.

Hinn 21. júní 2006 var stefnanda sagt upp störfum sem framkvæmdastjóra hjá Straumi hf. Sex dögum síðar seldi Brekka öll hlutabréf sín í Straumi fyrir alls 2.835 milljónir króna og innleysti þannig söluhagnað af

hlutabréfunum sem nam 1.158 milljónum króna. Nettótekjur Brekku af viðskiptunum (arðstekjur og söluhagnaður að frádrögnum fjármagnskostnaði) námu rúnum milljarði króna.

Ríkisskattstjóri ákvað með endurákvörðun í október 2012 að umræddar tekjur væru launatekjur og stofn Þórðar Márs til tekjuskatts og útsvars vegna gjaldársins 2007 var hækkaður um 944 milljónir króna. Í lok árs 2013 staðfesti yfirsattanefnd þá ákvörðun ríkisskattstjóra í meginatriðum, en lækkaði stofn til útsvars og tekjuskatts um 348 milljónir króna.

Yrstru kröfur Þórðar Márs voru að úrskurður yfirsattanefndar og úrskurður ríkisskattstjóra yrðu felldir úr gildi og tekjuskatts- og útsvarsstofn stefnanda gjaldárið 2007 yrði lækkaður um 596 milljónir króna. Héraðsdómur Reykjavíkur komst aftur á móti að þeirri niðurstöðu að ákvarða hefði átt tekjur Þórðar Márs sem skatt-



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON Héraðsdómur Reykjavíkur féllst ekki á málatilbúnað fyrrverandi forstjóra Straums. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

skyld hlunnindi og sýknaði íslenska ríkið af öllum kröfum Þórðar. Var Þórður Már dæmdur til að greiða íslenska ríkinu 900 þúsund krónur í málskostnað.

jonhakon@frettabladid.is



KANNAR AÐSTÆÐUR Þórður tekur út nýju lóðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Papco hyggst flytja starfsemi sína í Bæjarflöt í Grafarvogi:

## Reisir þrjú þúsund fermetra verksmiðju

Papco stefnir að því að reisa milli þrjú og fjögur þúsund fermetra verksmiðju við Bæjarflöt 19 í Grafarvogi.

Borgarráð Reykjavíkur hefur veitt fyrirtækinu vilyrði fyrir lóðinni með fyrirvara um samþykki deiliskipulags.

Þórður Kárasón, framkvæmdastjóri Papco, segir fyrirtækið hafa stækkað hratt að undanfögnu. Með nýju og stærra húsnæði verði hægt að auka framleiðslugetu fyrirtækisins og þar með auka þjónustu við viðskiptavini.

Papco, sem framleiðir klósett-pappír, eldhúsrúllur og servíettur, hefur fram til þessa leigt 2.200 fermetra húsnæði við Stórhöfða. „Núverandi húsnæði er orðið allt of lítið,“ segir hann.

Þórður vonast til að kostnaður við flutningana verði á milli 500 og 600 milljónir króna. Hann segir að áhersla verði lögð á að byggja hagkvæmt til að halda kostnaði niðri. Gangi allt að óskum er stefnt að því að fyrirtækið verði flutt í nýtt húsnæði innan tveggja ára.

- ih

# Bjó í Ástralíu og fór á vetrarútsölur í júlí

**Davíð Ólafur Ingimarsson hefur verið ráðinn fjármálastjóri GreenQloud eftir langt starf hjá Landsvirkjun. Hann lærði hagfræði og fjármál fyrirtækja í HÍ en fór í skiptinám til annarra heimsálfa.**

Davíð Ólafur Ingimarsson hefur verið ráðinn fjármálastjóri hjá GreenQloud. Davíð er með B.Sc. og meistaraáráðu í hagfræði og einnig meistaraáráðu í fjármálum fyrirtækja. Að auki er hann löggiltur verðbréfamiðlari. Hann lærði hér heima en fékk rannsóknarstyrk og fór til Japans og Ástralíu.

„Það var mjög skrítið að búa í Ástralíu,“ segir Davíð Ólafur. Það hafi allir verið sofandi þegar hann sjálfur var vakandi. „Sérstaklega fannst mér skrítið yfir sumartímann þegar það voru vetrarútsölur í öllum búðum. Í júlí á ekki að vera vetrarútsala. Það er eitthvað rangt við það,“ bætir Davíð við í léttum dúr.

GreenQloud er nokkurra ára gamalt íslenskt fyrirtæki. Það er fyrst og fremst hugbúnaðarfyrirtæki og hefur lagt sífellt meiri áherslu á búnað sem heitir Qstat. Það er heildarskýjalausn til að stýra skýjaumhverfum fyrirtækja og sameina kosti sýndarumhverfa, hefðbundinna netþjóna og sjálfvirkni tölvuskýja. Fyrirtækið er því hugbúnaðarfyrirtæki en ekki skýjaþjónusta. „Þetta hefur bara gengið nokkuð vel undanfarið,“ segir Davíð Ólafur og bætir því við að fyrirtækið hafi gert samninga við erlenda og innlenda endursöluaðila. Fjórutíu manns vinna hjá fyrirtækinu, sem er með skrifstofur í Reykjavík og Seattle og fer ört stækkandi.

Umhverfið sem Davíð Ólafur kemur úr er töluvert frábrugðið tölvugeiranum. Hann vann hjá Landsvirkjun í átta ár og segist kveðja það fyrirtæki með söknuði.

### MYNDI SVIPA TIL HULK



Davíð Ólafur er frábær vinur og samstarfsfélagi. Hann tekur rosalega á því í ræktinni, er duglegur að rækta líkama og sál. Ef hann væri í Avengers þá myndi honum svipa til The Incredible Hulk eða þrumugusins Þórs. Svo er eitt sem ekki allir vita: Hann er ósigraður skákmeistari Landsvirkjunar frá árinu 2010. Þannig að skákmennirnir í GreenQloud geta farið að vara sig. Svo er hann nefnilega líka lunkinn dansari, þótt fáir viti af því. Það hefur sést af honum á áhráttíðum. Við munu sakna hans mikið í Landsvirkjun. Hann er duglegur við að hjálpa fólki við það sem það þarf á að halda og eflir líðsheild.

**Daði Sverrisson**, sérfræðingur hjá Landsvirkjun.



Á meðal okkar í vinahópnum er Davíð Ólafur kallaður Clark Kent eða Súperman og fátt fer jafn illa með sjálfstraust okkar og að horfa máttlitil á hann lyfta lóðum í World Class. Samhlíða vöðvasöfnun safnar hann háskólagráðum og til að ná okkur niður á honum uppnefnum við hann gjarnan Georg Bjarnfreðarson. Davíð er líka fyrirmyndarfaðir og til að bæta gráu ofan á svart er hann dverghagur smiður. Hann lagði parketið heima hjá sér svo listavel að mörg ár liðu fram að innflutningspartíi fyrir okkur strákana. En umfram allt er Davíð einlægur og góður vinur sem alltaf er hægt að treysta á. Allir vita hversu dýrmætt er að eiga slíkan vin.

**Bollí Thoroddsen** verkfræðingur.

Davíð Ólafur bendir á að allt gerist hraðar í tölvugeiranum en í orkugeiranum. „Verkefni mín eru kannski svipuð að því leytnu til að fjármál eru kannski ekkert að breytast. Hjá Landsvirkjun var ég í erlendri og innlendri fjármögnun, sjóðastýringu og hjá GreenQloud verð ég í fjármögnun. Að passa upp á peningana og sjóðina,“ segir Davíð. Hann bætir því við að það sé því aðallega umhverfið sem breytist en ekki verkefni. „Nema það er kannski meiri ábyrgð að vera fjármálastjóri.“

Helstu áhugamál Davíðs eru líkamsrækt og útivist og svo kennir hann í Háskóla Íslands. „Kennsla er eitthvað sem ég hef mikinn

“ Kennsla er eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á.

áhuga á,“ segir Davíð „en bætir við að maður fari ekki í kennslu í HÍ fyrir peninga. „Ég stofnaði fyrirtæki með vini mínum, Bjarna Ingimar Júlíussyni, og við erum að þróa rafrænar kennslubækur á spjaldtölvur,“ segir Davíð. Upphaflega átti fyrsta útgáfan að koma út í sumar en Davíð segir það allt eins geta breyst vegna nýju vinnunnar.

jonhakon@frettabladid.is



Við Íslendingar ættum manna best að þekkja tilfinningar Grikkja:

# Grikkir og þjóðar- atkvæðagreiðslan

**Þ**að kom dálítið á óvart þegar Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, ákvað að efna til þjóðar- atkvæðagreiðslu um það hvort ríkið ætti að sam- þykkja skilmála sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópusambandið og Seðlabanki Evrópu settu fyrir áframhaldandi fjárhagsaðstoð. Þótt ýmsir fögnuðu ákvörðuninni voru aðrir sem fundu henni flest til foráttu. Hún var sögð ólögmat, spurn- ingin var sögð óskýr og svo framvegis.



**Markaðshornið**  
Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is

**Akvörðun Olafs Ragnars Grímssonar um að skjóta málinu til þjóðarinnar og afstaða þjóðar- innar í þjóðar- atkvæðagreiðsl- unni var aftur á móti rétt.**

Niðurstaðan á sunnudag varð sú að tryggur meirihluti Grikkja vildi ekki gangast undir aukna skattbyrði og skert félagsleg réttindi. Við sem horf- um á þróun mála í Grikklandi úr fjar- lægð kunnum að hafa mismunandi skoðanir á atburðarásinni. Það breytir því ekki að við Íslendingar þekkjum til- finningar Grikkja, jafnvel þótt aðstæð- ur hafi ekki verið algerlega sambæri- legar. Traustur meirihluti Íslendinga hafnaði því að láta Breta og Hollen- dinga og Evrópusambandið kúga Alþingi til þess að láta ríkissjóð taka á sig auknar byrðar vegna Icesave-reikning- anna.

Og í okkar tilfalli, þegar fyrst var rætt um það að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, myndi skjóta lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave- reikninganna til þjóðarinnar, urðu viðbrögðin þau sömu og í Grikklandi. Sumir efuðust um að Alþingi gæti skotið ákvörðunum um þjóðréttarlegar skuldbindingar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Enn fleiri töldu að málavextir í Icesave-málinu væru svo flóknir að það væri óskynsamlegt að almenningur, sem ekki hefði tök á að kynna sér málið, ætti að taka afstöðu til þess. Rétt eins og ákvarðanir kjörinna fulltrúa væru óbrögðular. Og það er í því andrúmslofti sem frumvarp stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá varð til. Þar er málskotsréttur forseta Íslands í núverandi stjórnarskrá afnuminn. Í stað þess er kveðið á um að tíu af hundraði geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefur samþykkt. En sam- kvæmt frumvarpinu eru málskotsréttinum settar skorður. Í 67. grein um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu segir:

„Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáruka- lög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbin- ingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrým- ist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr.“

Þótt einhverjir kjósi enn þann daginn í dag að berja hausnum við stein, hefur sagan sýnt að sú afstaða sem Alþingi tók í Icesave-málinu var röng. Ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar um að skjóta málinu til þjóðarinnar og afstaða þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni var aftur á móti rétt. Tíminn verður síðan að leida í ljós hvort hið sama eigi við í tilfalli Grikklands. En hvernig sem fer hljóta menn þó að viðurkenna að Tsipras og Ólafur Ragnar völdu báðir lýðræðislegustu aðferðina til úrlausnar mála sem vól var á. Og spyrja má hver tilgangurinn með þjóðar- atkvæðagreiðslu er, ef ekki til að leita úrlausna á mikil- vægustu viðfangsefnum sem ríkið stendur frammi fyrir. Jafnvel þótt þau séu flókin.

## Bandaríkjamenn fögnuðu þann 4. júlí



**Í HÁTÍÐARSKAPI**  
Bandaríkjamenn héldu þjóðhátíðardag sinn hátíðlegan á laugar- daginn. Heimildir herma að stjórnarskrá Bandaríkjanna hafi ekki verið undirrituð fyrir en 2. ágúst 1776, þótt lokið hafi verið að skrifa hana 4. júlí sama ár. Því eru skiptar skoðanir á því hvort 4. júlí sé rétti dagurinn fyrir Banda- ríkjamenn að fagna.

NORDICPHOTOS/APP

## Hver hefur eftirlit með verðlagseftirliti ASÍ?



### Skoðun

Björn Brynjúlfur Björnsson  
hagfræðingur,  
Viðskiptaráð Íslands

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) heldur úti verðlagseftirliti sem í síðustu viku birti úttekt á þróun matvælavæðs undir fyrirsögn- inni „Vörufarfan hefur hækkað umfram skattkerfisbreytingar frá áramótum“. Þessi niður- staða vekur athygli í ljósi þess að opinberar tölur benda til þess að hækkan matvælavæðs sé minni en skattabreytingar gefa tilefni til. Er þetta í þriðja sinn á árinu sem ASÍ birtir verðlagseftirliti sem ekki standast nánari skoðun.

Ástæðu misræmisins má finna í skökkum forsendum ASÍ. Annars vegar vanáætlað sambandið áhrif skattabreytinga og hins vegar gerir það ekki ráð fyrir áhrifum almennra verðlagseftirlita. Sé leiðrétt fyrir þessum tveimur þáttum fæst niðurstaða sem er öfug við þá sem ASÍ heldur fram.

Sykurskattur nam um 2,4 ma.kr. árið 2013 en hann var aflagður um áramótin. Neysla heimila á mat og drykkjarvörum

nam um 142 ma.kr. á sama ári. Afnáms sykurskatts hefði því átt að skila um 1,7% lækkun mat- vælavæðs (-2,4/142 = -1,7%). Þá gefur hækkan neðra þreps virðisaukaskatts úr 7% í 11% tilefni til 3,7% hækkunar mat- vælavæðs (1,11/1,07 - 1 = 3,7%). Samanlagt gefa þessar tvær breytingar því tilefni til 2% hækkunar matvælavæðs. Í úttekt ASÍ er hins vegar fullt að skattabreytingar gefi einungis tilefni til 1,5% verðhækkunar. Ekki er skýrt frá því hvernig sú niðurstaða er fengin.

Auk þessa gerir ASÍ ráð fyrir að engir aðrir þættir en skatta- breytingar og álagning hafi áhrif á vöruverð. Verðlag er hins vegar áhrifabáttur sem taka þarf tillit til. Almenn verðlag hækkaði um 1,6% á tímabilinu. Án breytinga á álagningu eða sköttum hefði verð á matvælu- m þvi átt að hækka sem því nemur.

Samtals gefa skattabreytingar og verðlagseftirliti því tilefni til 3,6% hækkunar matvælavæðs á tímabilinu. Samkvæmt vísitölu neysliverðs frá Hagstofu Íslands hækkaði matvælavæðs einungis um 2,7% á tímabilinu. Því má áætla að álagning matvöru-

verslana hafi lækkað um 0,9%. Skattabreytingarnar um áramót- in virðast því hafa skilað sér til neytenda að fullu og gott betur.


Þetta er í þriðja sinn á árinu sem ASÍ birtir niðurstöður verð- lagsúttektar með villandi hætti. Sambandið hefur ekki brugðist við efnislegri gagnrýni sem Við- skiptaráð og fleiri aðilar hafa lagt fram vegna aðferðafræði og framsetningar niðurstaðna verð- lagskannana. Slík vinnubrögð geta hvorki talist fagleg né trú- verðug og eru ekki til þess fallin að upplýsa neytendur um raun- verulega verðlagsþróun.

Forsætisráðuneytið leggur ASÍ til 30 milljónir á ári til að halda úti verðlagseftirliti ásamt öðrum efnahagsrannsóknnum. Í ljósi ofangreinds mætti ætla að tilefni væri til að starfrækja eftirlit með verðlagseftirliti- nu til að tryggja vandaða með- ferð þessara fjármuna. Eðlileg- ast væri þó að afnema opinber framlög til eftirlitsins. Í dag mælir Hagstofa Íslands verð- lagsþróun með nákvæmum hætti og Samkeppniseftirlitið tryggir virka samkeppni á neytenda- mörkuðum. Frekari aðkoma stjórnvalda ætti að vera óþörf.

## VERÐ Á MAT OG DRYKKJARVÖRUM

**Álagning matvöruverslana hefur lækkað frá því að skattabreytingar tóku gildi um síðustu áramót.**

Vísitala neysliverðs, undirvísitala fyrir mat og drykkjarvörur (des. '14 = 100)



Heimildir: Hagstofa Íslands; Fjármála- og efnahagsráðuneytið; áætlun Viðskiptaráðs Íslands

## Kvenlæg lesblinda

### Hin hliðin

Ingibjörg Gréta Gísladóttir  
framkvæmdastjóri  
Reykjavík Runaway



Framkvæmdastjórn Evrópu segir að lítil og meðalstór fyrirtæki séu hryggjarstykkið í efnahags- lífi Evrópu. Hún segir að þau séu 99% fyrirtækja álfunnar, skapi 85% nýrra starfa og ráði tvo þriðju hluta starfshæfs fólks í vinnu. Konur eru stór hluti þessarar aukningar, reka oft lítil fyrirtæki í kringum sína sérfræðiþekkingu, byrja smátt og stækka síðan hægt og rólega.

Konur hafa verið taldar áhættufælnari stjórn- endur í gegnum tíðina og er mjög oft komið fram við þær á þann máta. Það var því ansi áhuga-

vert þegar kona nokkur tók þátt í tveimur viðskiptaáætlunarkeppn- um hér á landi með sömu hugmynd- ina og sömu áætlunina. Hugmyndin snerist um nýsköpun á hönnunar- sviði og var sami karlmaðurinn meðal dómara í báðum keppnum sem sérlegur fulltrúi nýsköpunar hjá hinu opinbera. Í fyrri sam- keppninni, sem var eingöngu ætluð konum, fékk hugmyndin þá umsögn að hún væri áhugaverð en alltof högvær, of lítil vöxtur sjáanlegur og því ekki spennandi fjárfestinga- kostur. Vinkonan tók sig þá til og gerði áhættusamari áætlun, breytti eingöngu Excel-áætlunarþætti hug- myndarinnar, skalaði hana upp og sendi í hina keppnina. Þar fékk hún

þá umsögn, frá sama aðila, að þetta væri áhugaverð hugmynd en alltof áhættusöm og ekki raunsær vöxtur.

Niðurstaðan? Viðkomandi gat aug- ljóslega ekki sett sig inn í hugmynd- ina, þekkti ekki til slíks rekstrar og faldi sig á bak við meinta áhættu- fælni kvenna.

Sama kona fór þá til bankans þar sem hún hafði verið tryggur við- skiptavinur í gegnum síurt, sætt og kreppu. Veðsetti heimilið sitt, kom verkefninu af stað, en vantaði síðan tvær milljónir til framleiðslunnar (var með sölusamninga upp á rúma milljón ásamt töluverðum áhuga frá markhópnum). Áhættan var lítil sem engin fyrir bankann sem hafði nú þegar veð í heimili konunnar.

Svarið sem hún fékk á endanum frá yfirmanni, sem var karlmaður, var orðrétt: „Nei, því ég trúi ekki á þessa hugmynd en það væri gaman ef þú gætir „proof me wrong“.“ Svo mörg voru þau orð.

Hún fór í annan banka, lagði fram sömu gögn fyrir starfsmann þess banka sem í þessu tilfalli var kona, fékk tilboð í bankaviðskiptin og flutti sig síðan yfir í þann banka. Það má til gamans geta að salan fór fram úr væntingum og hefur hug- myndin staðið undir sér frá upp- hafi.

Sporin og hindranir sem konur þurfa að yfirstíga eru enn þá of mörg. Það er enn of mikil kvenlæg lesblinda til staðar.

BLUETOOTH HEYRNARTÓL FRÁ JBL

# SPILAÐU TÓNLISTINA ÞRÁÐLAUST ÚR SÍMANUM!



JBL

14.995

## JBL E50

Stór heyrnartól með langri hleðslu og kraftmiklum hljómi.  
18 tíma rafhlöðuending. PureBass hljóðtækni sem tryggir meiri bassa.  
MusicSharing möguleiki, hljóðnemi og hægt að brjóta saman.

## JBL E40

JBL gæði. Alvöru hljómur með kröftugum bassa. Samanbrjótanleg umgjörð til að minnka pláss sem þau taka í tösku. Hljóðnemi til þess að svara símtölum. Music Sharing möguleiki þannig að fleiri en einn geta hlustað á sömu Bluetooth sendinguna.

JBL

12.995



### GÓÐ RAFHLÖÐUENDING

Allt að 16 - 18 tíma rafhlöðuending og auðvelt að hlaða



### ANDROID / IOS SAMHÆÐ

Stýður bæði síma og snjalltæki með Android og iOS stýrikerfi.



### BLUETOOTH TÆKNI

Streyndu tónlistinni þráðlaust úr síma eða spjaldtölvu í frábærum gæðum.

LITIR FÁNALEGIR: ■ SVARTUR □ BLÁR ■ RAUÐUR ■ HVÍTUR



tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
SÍMI 431 3333

## 551 MILLJÓN EVRA Hreinn gjaldeyrisforði tvöfaldast

Seðlabankinn hefur keypt 551 milljón evra á millibankamarkaði það sem af er ári. Hefur bankinn greitt fyrir tæplega 82 milljarða króna. Greining Íslandsbanka segir þetta vera ríflega tvöfalt hærri fjárhæð en á fyrri hluta ársins 2014. Hreinn gjaldeyrisforði Seðlabankans hefur frá áramótum aukist úr 306 milljónum evra í 644 milljónir.

03.07.2015 Ég er ekki Kolkkrabbinn. Það er ekkert erfitt að vera ég, það er bara flint. Engeyingar eru stór ætt og fáir í pólitík. Margir hafa náð langt, já. Er einhver viðskiptavaldablokk á bak við? Nei. En það er gaman að því þegar menn búa til frasa um fyrirbæri sem eru til, sum hver tímabundið. Sumar valdablokkir sem skrifað var um á tíunda áratugnum eru gufaðar upp.

*Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.*



## 18% AUKNING Icelandair flutti 363.000 farþega

Icelandair Group flutti 363 þúsund farþega í millilandaflugi í júní og voru þeir 18% fleiri en í júní á síðasta ári. Framboðsáukning var 18% á milli ára. Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru 28 þúsund í júní sem er aukning um 4% á milli ára. Framboð á gistingu hjá hótélum Icelandair Group jókst um 4% frá júní á síðasta ári.

## STJÓRNAR- MAÐURINN

### RÚV tapar tilgangi sínum

Nýverið lauk heimsmeistaramóti í knattspyrnu kvenna sem haldið var í Kanada. Ríkisútvarpið átti sjónvarpsréttinn að mótinu og sýndi nokkra leiki í beinni þegar líða tók á mótið.

**NOKKRIR** urðu til þess að gagnrýna að HM kvenna væri ekki gert jafn hátt undir höfði og heimsmeistaramóti karla. Þar hafa allir leikir gjarnan verið sýndir í þráðbeinni, og engu skipt hvort um er að ræða úrslitaleiki eða leik Írans og Slóveníu í riðlakeppninni.

**STJÓRNARMAÐURINN** er almennt á því að markaðsöflin eigi að ráða því hvaða sjónvarpsfæni er borið á borð áhorfenda. Sjónvarpsstöðvar eiga að einblína á efni sem borgar sig. Efni sem hægt er að kaupa inn á viðráðanlegu verði, hugnast auglýsendum og síðast en ekki síst er til þess fallið að halda áskrifendum eða laða að nýja.

**PESSI** röksemdafærsla er hins vegar ekki svo einföld þegar um er að ræða ríkissjónvarpsstöð. Þess vegna var nokkuð kyndugt að heyra Þóru Arnórsdóttur taka til baka gagnrýni sína á slæga frammistöðu íþróttadeildar RÚV með m.a. þeim rökum að íþróttadeildin væri undirmönnuð og erfitt hefði reynst að laða styrktaraðila og kostun að mótinu.

**ÞETTA** væru mögulega gild rök fyrir einkarekna sjónvarpsstöð.

**ÞÓRA** er hins vegar að tala um sjálft Ríkisútvarpið sem rekið er fyrir almannafé. Því ber, eins og öðrum ríkisstofnunum, að fylgja jafnréttissjónarmiðum í starfsemi sinni, og sjá til þess að það efni sem sýnt er fullnægi kröfum um „gæði og fjölbreytni“ svo vísað sé í lagabókstafinn.

**ÞESS** utan er erfitt að sjá í hendi sér að ekki sé hægt að sýna HM kvenna án þess að tapa á því. Sjónvarpsrétturinn kostar einungis brotabrot af því sem karlamótið kostar og fjöldi iðkenda kvenna-knattspyrnu hér á landi bendir til þess að mörg fyrirtæki myndu sjá hag sinn í því að styrkja mótið eða kaupa auglýsingar í tengslum við útsendingar.

**MANNEKLA** er heldur ekki afsökun. Þarf fleiri starfsmenn til að sýna frá HM kvenna en karla?

**HUGREKKI** þarf til að breyta ríkjandi viðhorfum. Eðli málsins samkvæmt er erfiðara fyrir einkarekna aðila að taka slíkt stökk með tilheyrandi fjárhagslegri áhættu. Önnur sjónarmið eiga hins vegar við ríkismiðla, og raunar gætu tækifæri sem þetta að einhverju leyti réttlætt tilvist slíkra miðla.

**VONANDI** var þetta í síðasta sinn sem HM kvenna fær ekki samþættingu umfjöllun við karlamótið.

## SKRIFBORÐSSTÓLAR

frá **Topstar**®  
framleitt í Þýskalandi



**ALU BASIC**  
Svartur, blár,  
rauður og grár  
Hæð: 42-55 cm  
Seta: 46x47 cm  
Bak: 58 cm  
Verð kr. 53.800,-



**OPEN POINT**  
Grár, svartur og blár  
Hæð: 43-51 cm  
Seta: 48x48 cm  
Bak: 60 cm  
Verð kr. 49.500,-  
Verð kr. 60.400,- m/ stilliörmmum (sjá mynd)



**OPEN ART**  
Blár, rauður, svartur  
og grænn  
Hæð: 43-52 cm  
Seta: 48x50 cm  
Bak: 55 cm  
Verð kr. 117.800,-



**PROFI STAR**  
Sandur, svartur, grár,  
blár og brúnn  
Hæð: 42-51 cm  
Seta: 46x50 cm  
Bak: 58 cm  
Verð kr. 129.900,-



**SUPPORT**  
Rauður, blár, svartur,  
grár, brúnn og fjólublár  
Hæð: 42-55 cm  
Seta: 45x45 cm  
Bak: 57 cm  
Verð kr. 32.900,-  
Verð kr. 39.300,- m/örmmum (sjá mynd)  
Verð kr. 45.500,- m/ stilliörmmum

**Hirzlan**  
Smíðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040  
[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)